

## 251. fundur

*Þriðjudaginn 11. desember 2012, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.*

### **Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

#### **1. Fundargerð 250. fundar og dagskrá.**

Fundargerð 250. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

#### **2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – september 2012.**

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. september sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að liðurinn lækkaði frá því í júní sl. um kr. 74.004.- og eru vaxtagjöld hans því kr. 2.354.930.- Grundvöllurinn hefur lækkað um liðlega 0,8% frá 1. júní 2012 og er heildarkostnaður alls kr. 33.768.667.-

Með verðlagsgrundvöllinum fylgdi nánari útreikningur á vaxtalið. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

#### **3. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – desember 2012.**

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. desember sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að liðurinn hækkaði frá júní sl. um kr. 32.121.- og eru vaxtagjöld hans kr. 2.387.051.-. Frá júní til desember 2012 hefur grundvöllurinn hækkað um 1,45% og er heildarkostnaður hans alls kr. 34.288.186.-

Með verðlagsgrundvöllinum fylgdi nánari útreikningur á vaxtalið. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

#### **4. Sala mjólkurvara.**

Kynnt var yfirlit yfir sölu mjólkurvara frá SAM fyrir október 2012, síðustu þrjá mánuði og síðustu tólf mánuði. Söluölur eru í lítrum og kílóum fyrir umrædd tímabil. Sala mjólkur samtals hefur dregist saman um 2,14% á tólf mánaða tímabili, en hins vegar hefur sala á rjóma aukist um 2,65%, viðbiti 3,49%, skyri 4,20%, ostum 3,16% og mjólkurdufti um 6,78%. Alls er þá samdráttur um 0,83% á tímabilinu október 2011 til október 2012.

Mismunur á próteini og fitu nemur liðlega 2 milljónir ltr. sem verða að smjörbirgðum sem eru fluttar úr landi. Um 10 millj. ltr. fara í útflutning, þar er mestur hluti umframframleiðsla utan mjólkurkvóta.

#### **5. Afkoma mjólkuriðnaðarins.**

Fulltrúar mjólkuriðnaðarins lögðu fram óendurskoðað rekstraruppgjör Mjólkursamsölunar ehf fyrir janúar til október 2012. Varðandi afkomu kom fram að mikill kostnaður er vegna endurnýjunar búnaðar til framleiðslu á Selfossi og Akureyri á árinu og framundan eru væntanlegar hækkanir á raforku til stóriðju og annarra rekstrargjalda.

#### **6. Önnur mál.**

##### **Næsti fundur ákveðinn 22. janúar 2013.**

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.